Sviðsljós

DV



Sigurður Þórhallsson og eiginkona hans, Sigríður Benediktsdóttir.

Sigurður Þórhallsson sextugur

Sigurður Þórhallsson framkvæmdastjóri varð sextugur í síðustu viku. Sigurður fæddist á Skriðulandi í Kolbeinsdal en ólst upp á Hofi í Hjaltadal. Sigurður var lögreglumaður í tíu ár og starfaði síðan í 23 ár hjá Samvinnutryggingum. Hann hefur verið framkvæmdastjóri Landssambands hestamannafélaga og hestamannasambands Íslands frá árinu 1991. Sigurður tók á móti gestum ásamt eiginkonu sinni, Sigríði Benediktsdóttur, í Félagsheimili hestamannafélagsins Fáks á Víðivöllum og voru meðfylgjandi myndir teknar þar.



Meðal gesta í afmæli Sigurðar voru Jón Guðmundsson, Hallmar Sigurðsson og Sigríður Sigþórsdóttir.



Hjalti Pálsson og Steingrímur Sigurjónsson ræða málin. DV-myndir: ÞÖK

DANSSKÓLI JÓNS PÉTURS og KÖRU

dansspor í rétta átt!

SUMARNAMSKEIÐ

Börn (frá 7 ára) - Fullorðnir
Byrjendur - Framhald

4. - 14. maí 4 tíma námskeið - kennt tvisvar í viku

8. - 29. júní 6 tíma námskeið - kennt tvisvar í viku

Gleðilegt danssumar!

INNRITUN Í SÍMUM
685045 og 36645

BOLHOLTI 6 REYKJAVÍK
Fax 91-683545

VISA
EURO
RAÐGREIÐSLUR


FÍD-Félag íslenskra danskennara - DÍ-Dansráð Íslands

Fjórar sýningar á Kjarvalsstöðum

Það var mikið um að vera á Kjarvalsstöðum á laugardaginn en þá voru opnaðar fjórar myndlistarsýningar, Sæmundur Valdimarsson sýnir höggmyndir sínar sem gerðar eru úr tré. Daði Guðbjörnsson sýnir 40 málverk sem hann hefur gert á síðustu tveimur árum. Svava Björnsdóttir sýnir pappírsskúlptúra og í austur-forsalnum er ljóðasýning Lindu Vilhjálmsdóttur. Eins og nærri má geta var fjöldi manns sem lagði leið sína á Kjarvalsstaði á laugardaginn til að sjá myndverkin og samgleðjast listamönnunum og voru myndirnar teknar við það tækifæri.



Skáldið Linda Vilhjálmsdóttir er hér á tali við Elísabetu Jökulsdóttur. Feðginin Vala Jónsdóttir og Jón Múli Árnason eru í bakgrunninum.



Sveinn Andri og Sveinn Alexander skoða eitt skúlptúrverka Sæmundar Valdimarssonar. DV-myndir: GVA



Kolbrún Bergþórsdóttir, Hrafn Jökulsson og Egill Helgason ræða við Hannes Hólmstein Gissurarson.

Menning

Pólitík listarinnar

– Sverrir Ólafsson í Galleríi Borg


Pólitík og list hafa yfirleitt ekki þótt eiga samleið. Í Sovétríkjunum sálugu snerist hið svonefnda félagslega raunsæi um sögufölsun til upphafningar ríkjandi leiðtogum. Í hinu kapítalíska kerfi er gróðasjónarmiðið sett ofar listrænum metnaði. Hvorug þessara helstu stjórnmálastefna nútímans hefur því verið beinlínis listvæn. Mexíkanar hafa alla tíð haft sérstöðu hvað samsömun stjórnmála og lista snertir. Trotsky flúði til Mexíkó á fjórða áratugnum og sendi þaðan frá sér yfirlýsingu ásamt André Breton, páfa súrrealista, og mexíkanska veggmyndamálaranum Diego Rivera um frelsi listamannsins til orðs og æðis. Hinn síðastnefndi var ötull baráttumaður þess málefnis í Bandaríkjunum á tíma McCarthy-ofsóknanna og fór svo að málað var yfir helstu veggmynd hans í Bandaríkjunum. Nú bregður svo við að í Galleríi Borg stendur yfir sýning á verkum íslensks Mexíkófara sem vílar ekki fyrir sér að tala um list og pólitík í sömu andrá og myndtáknin vísa sömuleiðis beinustu leið til misskiptingar gæðanna og yfirgangs hinna fáu útvöldu.

Samfélagsstiginn

Listamaðurinn er Sverrir Ólafsson, sverasti listfrömuður Hafnarfjarðar um þessar mundir, forkólfur Straums og Listahátíðar þeirra Hafnfirðinga. Þegar við fyrstu skoðun verkanna fer ekki hjá því að hugurinn hvarflar vestur um haf til lands tröppupýramídanna, Mexíkó. Þar byggðu aztekar forðum þessi miklu mannvirki til vegsemdar pólitískum æðstaklerki sínum og jarðneskum guði, Quetzalcoatl. Himnaríki, þ.e. ríki goðsagnanna og listarinnar, var frátekið handa hinum útvalda presti sem jafnframt var stjórnmálaforingi. Þetta þjóðfélagsmynstur, sem byggðist á strúktúr pýramídans, stigskiptingu og afdráttarlausri hollustu við toppinn á samfélagsstiganum, er enn í gildi víðast hvar í ýmsum myndum og það er e.t.v. fyrst og fremst sú staðreynd sem Sverrir vill benda á með verkum sínum.

Pólitík og húmor

Á sýningu Sverris eru alls tíu skúlptúrar úr ýmsum efnum, þó stál sé sýnu fyrirferðarmest. Það er þó ekki efnisáferðin sem listamaðurinn er að sækjast eftir, miklu fremur varanleiki efnisins – enda eru verkin þakin málningu í skærum litum. Umtalsverð breyting hefur orðið á list Sverris síðustu árin. Í stað handmálaðra og grófgerðra grímna og fígúrumynda eru nú komin einlit verk sem byggjast á hreinum geómetrískum formum. Verkin hafa öðlast meiri dýpt, þrívíddareigind, og eru hreinræktaðri skúlptúrar en fyrri verk Sverris sem oft voru á mörkum expressjónísks málverks. Sem fyrr segir er tröppugangurinn fyrirferðarmikið tákn hjá Sverri en önnur áberandi tákn eru t.a.m. hurðir, stólar og skúffur sem vafalítið standa fyrir möppudýrakerfið. Stólarnir eru þarna nokkuð sér á parti, ávöl og frjálsleg form þeirra stinga nokkuð í stúf við hreinlínuna í Auðum stól (nr. 7). Í verki nr. 10, Bak við luktar dyr, kemur hins vegar í ljós að þessi frjálslegu form eru hluti af þeim persónulega húmor sem ávallt hefur einkennt verk Sverris, þó í seinni tíð sé hann kannski meira á „bak við luktar dyr". Það verður væntanlega hlutskipti listamannsins í náinni framtíð að samsama hinn pólitíska og hinn húmoríska þátt listar sinnar. Verk á borð við Án titils (nr. 4) og Hundrað ára einsemd (nr. 8) ná ágæta vel að samsama þessa þætti. Í heild hefur sýningin sterkan og annarlegan svip og er til marks um að tími landvinninga er ekki um garð genginn hjá Sverri Ólafssyni. Síðasti sýningardagur er þriðjudagur 27. apríl.



Sverrir Ólafsson í vinnustofu sinni.

Myndlist

Ólafur Engilbertsson